

29.tbl.

1.sept. 2021

28.árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Covid-19 bólusetningar á starfssvæði HSN í september!

Næsta bólusetning gegn Covid-19 verður í byrjun september á eftirtöldum stöðum.

- Húsavík miðvikudaginn 8.9 kl. 16-18
- Kópaskeri þriðjudaginn 7.9 kl. 11
- Raufarhöfn miðvikudaginn 8.9 kl. 11
- Þórshöfn fimmtudaginn 9.9 kl. 14

Bólusettt verður með Pfizer.

**Tímamantanir og nánari upplýsingar** í síma  
4640500, 4640600, 4640620 og 4640640 á  
opnunartíma heilsugæslu.

### **ATH! Eftirtaldir aðilar geta pantað tíma:**

- Þeir sem fengu fyrsta skammt af Pfizer 18.8 eða fyrr.
- Þeir sem fengu Jansen bólusetningu 11.8 eða fyrr. (Þeir sem fengið hafa Covid-19 sýkingu og Jansen örvaraskammt þurfa ekki að mæta í annan örvaraskammt)
- Barnshafandi konur og aðrir sem eru óbólusettir.
- Allir 60 ára og eldri sem fengið hafa tvo skammta af Pfizer fyrir a.m.k. 26 vikum eða fyrir 15.mars.
- Óbólusett börn 12-15 ára, (börn fædd fyrir 8.9.2009 og árgangar 2008, 2007 og 2006)



## Húsaleigubætur – Námsmenn yngri en 18 ára athugið!

Nú eru skólar að byrja og þeir námsmenn, yngri en 18 ára, sem munu dvelja á heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum. Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða eigi síðar en 15. dag fyrsta greiðslumánaðar.

Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið jafnframt að fá frumrit af húsaleigusamningi auk staðfestingar á námi frá skólaskrifstofu.

Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti. Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrr en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Umsóknareyðublað má finna á [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins í Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 464-3322 [margret@thingeyjarsveit.is](mailto:margret@thingeyjarsveit.is)

Skrifstofa Þingeyjarsveitar



## **Kyrrðarstund í Þorgeirskirkju**

Kyrrðarstund við orgeltóna í Þorgeirskirkju  
miðvikudaginn 1.sept kl.20.00  
Dagný Pétursdóttir verður við orgelið.  
Allir velkomnir.

Sr. Gunnar Einar Steingrímsson



## Afhjúpun og blessun minnisvarða

Föstudaginn 3. september n.k. verður afhjúpaður minnisvarði um Jaan Alavere á lóð Stórutjarnaskóla. Þann 3. september er liðið ár frá andláti hans.

Athöfnin hefst kl 11:00. Marika Alavere afhjúpar minnisvarðann og sr. Jónína Ólafsdóttir flytur blessunar- og minningarorð. Þá munu nemendur skólans syngja skólasönginn, sem Jaan samdi við texta eftir Anitu Þórarinsdóttur.


Allir eru velkomnir en eru vinsamlegast beðnir að hafa í huga gildandi sóttvarnir.

*Stórutjarnaskóli*

## Hlaupastelpan

Er gefin út á miðvikudögum vikulega.

Auglýsingum þarf að skila  
**fyrir kl. 15:00 á mánudögum.**



Verð frá 1. júlí 2021

Hálfsíðuauglýsingu kr. 3.850- m.vsk.

Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386

Dagný Pétursdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>